



## Birgðir af nautakjöti til 7 mánaða

— 27% aukning í framleiðslu það sem af er verðlagsárinu

TÖLUVERÐ birgðasöfnun hefur orðið í nautgripakjöti á undanförunum mánuðum. Í byrjun þessa mánaðar voru 1.335 tonn til í birgðum í landinu, 482 tonnum eða 56,6% meira en sama dag í fyrra. Samsvara þessar birgðir nærri 7 mánaða sölu í nautakjöti. Salan undanfarna mánuði hefur verið svipuð og áður, en birgðaaukningin stafar af mikilli aukningu í framleiðslu.

Það sem af er verðlagsárinu, 1. september til aprílloka, hafa komið út úr slátrun nautgripa 2.397 tonn af nautgripakjöti. Sömu mánuði á síðasta verðlagsári var framleiðslan 1.888 tonn og er aukningin því 509 tonn eða tæplega 27%. Á þessu sama tímabili hefur sala nautakjöts aukist um 125 tonn, úr 1.521 tonni í 1.647 tonn, eða um 8,2%.

Undanfarin sex verðlagsár hefur sala á nautgripakjöti verið á bilinu 2.200 til 2.500 tonn. Salan hefur samsvarað 9,29 til 10,85 kg. á mann. Salan var mest verðlagsárið 1979–80, 10,85 kg á mann, en 1982–83 var hún hlutfallslega minnst, 9,49 kg á mann. Á síðasta verðlagsári samsvaraði sala 10,2 kg. á hvert mannsbarn á landinu.



### Milljarðaverðmæta vel gætt

Eftirleiðis verður löggæsla allan sólarhringinn á Kjarvalsstöðum á fimmtíu og fimm listaverkum eftir Picasso, sem sýnd verða á Listahátíð. Tveir lögreglumenn voru þegar mættir á vakt þegar verkin voru tekin úr kössunum í gær.

Ekki er vanhörf á öflugri gæslu því verðmæti málverkanna skipta milljörðum króna að mati kunnugra. Meðal myndanna eru margar heimskunnar myndir sem eru geysilega verðmætar, t.a.m. stúlkumyndin innfellda.

# Jesúítaregla býður ríkinu frumrit Nonna

Akureyri. ÍSLENSKA ríkinu hafa verið Sveinssonar, Nonna, handskrifuð af rithöfundinum og hefur Sverrir Hermannsson, menntamálaráðherra, fengið samþykkt fyrir því í ríkisstjórninni að hrinda því í framkvæmd að leita eftir kaupum á þeim.

fyrir því í ríkisstjórninni að hrinda því í framkvæmd að leita eftir kaupum á þeim.

Sverrir upplýsti þetta á fundi hér á Akureyri í gær. Jesúítareglan í Köln í Vestur Pýskalandi hefur frumritin í fórum sínum en það er Haraldur Hannesson hagfræðingur sem bauð ríkinu þau í umboði reglunnar. „Þetta eru að mínu mati geysileg verðmæti sem við eignum kost á að eignast og ekki kemur annað til greina en að við gerum allt til að eignast þau. Ef Jesúítar verðleggja þessi verðmæti veit ég hins vegar ekki hvernig þetta fer,“ sagði Sverrir í gær en benti á að sér myndist allt eins líklegt að reglan afsalaði íslenska ríkinu handritunum. Hann sagðist helst eiga von á því að fulltrúar Jesúítareglunnar kæmu hingað til lands í sumar til að ræða þetta máli. Þess má geta að það eru ekki aðeins frumrit hinna heimssfrægu „Nonnabóka“ sem þarna er um að ræða heldur öll hans handrit - og þar af leiðandi margt sem aldrei hefur verið gefið út á prenti.

Jesúítareglan hefur einnig boðið íslenska ríkinu myndir Collingwoods, bresks málara sem ferðaðist um landið á sínum tíma og málaði. „Þetta eru frummyndir Collingwoods og íslenska ríkið verður líka að eignast þær,“ sagði Sverrir.

## Könnun Félagsvísindastofnunar fyrir Morgunblaðið:

# Um 65% Reykvíkinga vilja Davíð fyrir borgarstjóra

TÆPLEGA 65% kjósenda í höfuðborginni, sem afstöðu hafa tekið, telja æskilegt, að Davíð Oddsson verði áfram borgarstjóri Reykjavíkur að loknum kosningunum á laugardaginn. Er það talsvert fjölmennari hópur en hyggst kjósa Sjálfstæðisflokkinn í borgarstjórnarkosningunum. 29% kjósenda vilja að einhver annar verði borgarstjóri og 6,4% telja það ekki skipta máli.

Þetta er niðurstaða skoðanakönnunar, sem Félagsvísindastofnun Háskólans gerði fyrir Morgunblaðið um síðustu helgi. Könnunin náði til 800 Reykvíkinga á aldrinum 18 til 80 ára. Svarendur voru 615 eða 77%.

Könnunin leiðir í ljós, að 54% þeirra, sem hyggjast kjósa Alþýðuflokkinn í borgarstjórnar-

kosningunum, vilja að Davíð Oddsson verði áfram borgarstjóri. Sama sinnis eru 32% kjósenda Framsóknarflokks, 16% kjósenda Alþýðubandalags og 10% kjósenda Kvinnalista. 94% kjósenda Sjálfstæðisflokks telja æskilegt að Davíð verði áfram borgarstjóri.

Samkvæmt könnuninni nýtur Davíð Oddsson meiri stuðnings



Davíð Oddsson

karla en kvenna. 71% karla, sem afstöðu tóku, vilja að hann verði áfram borgarstjóri, en 59% kvenna.

Spurt var: „Telurðu það æskilegt, að Davíð Oddsson verði áfram borgarstjóri, eða vildirðu heldur að það yrði einhver annar?“ Af heildinni sögðust 364 (59,2%) vilja Davíð áfram, 163 (26,5%) vildu einhvern annan, 36 (5,9%) sögðu það ekki skipta máli, 15 (2,4%) neituðu að svara og 37 (6,0%) svöruðu „veit ekki.“ Athygli vekur, að hlutfall óákveðinna og þeirra, sem neita að svara, er óvenju lágt eða 8,4%.